

Mál nr. 178/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Beygt til hægri.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 30. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M, dags. 8. og 9. júlí 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 19. júlí 2022, ásamt afriti af tölvupósti M til V dags. 27. maí 2022.

Málsatvik.

Á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar vegna áreksturs sem varð milli bifreiðanna A og B hinn 26. maí 2022 merkja ökumenn við að bifreið A hafi verið beygt til hægri og skipt um akrein, en ökumaður bifreiðar B hafi ekið í sömu átt en á annarri akrein þegar árekstur varð. Á sömu framhlið er vísað til vitnis, en ekki liggur fyrir skrifleg skýrsla þess í gögnum málsins fyrir nefndinni. Ökumaður bifreiðar A segir í skýrslu sinni til V 27. maí 2022 að hún hafi verið að beygja inn í bílastæði þegar bifreið B hafi ekið hægra megin við sig, eins og verið sé að taka fram úr og ökumaður þeirrar bifreiðar hafi verið ósamvinnuþýður á vettvangi. Í gögnum málsins liggur fyrir skrifleg skýrsla ökumanns bifreiðar B sem lýsir atvikum þannig að hún hafi ekið eftir hægri akrein um Skipholt og þannig ætlað að aka beint áfram, en bifreið A hafi verið ekið frá vinstri inn í hlið bifreiðar B. Í málinu liggja einnig fyrir myndir af bifreiðum A og B sem bera þess merki að vera teknar eftir áreksturinn.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum, það sé einungis ein akrein í þá akstursátt sem báðir ökumenn óku og hafi ökumaður bifreiðar B ekið hægra megin fram úr bifreið A þegar M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi verið að taka hægri beygju inn í stöðureit.

V gerir ekki efnislegar athugasemdir við málskotið en sendi nefndinni öll gögn sem lágu fyrir hjá V vegna málsins, þar á meðal niðurstöðu Tjónanefndar váttryggingarfélaganna.

Álit.

Ágreiningur er um sakarskiptingu vegna áreksturs bifreiðanna A og B vegna áreksturs þar sem báðum bifreiðum var ekið vestur Skipholt. Við athugun á aðstæðum á vettvangi má sjá að einungis ein akrein er í þá akstursátt sem ökumenn ók en á hægri hönd eru stöðureitir bifreiðastæða. M, sem ökumanni bifreiðar A, bar skv. 1. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 við fyrirhugaða akstursstefnu sína til hægri inn í stöðureit að staðsetja bifreið sína sem lengst til hægri og taka hægri beygju sem næst hægri brún akbrautar, eins krappa og hægt var. Af gögnum málsins verður ráðið að M hafi ekki fylgt þessum fyrirmælum með skýrum hætti. Á hinn bóginn má sjá af sömu gögnum að þar sem einungis ein akrein var í akstursátt bifreiðanna hafi ökumaður bifreiðar B þurft að gæta sérstaklega að umferð sem á undan var á akbrautinni sem ekki var ekið með skýrum hætti í vinstri beygju. Þess gætti ökumaður bifreiðar B ekki nægilega vel, auk þess hann sýndi ekki næga tillitsemi í skilningi 4. gr. umferðarlaga. Ekki liggur fyrir skrifleg skýrsla af vitni eða annað sem getur varpað ljósi á hvort annar ökumaður hafi sýnt meira gáleysi en hinn við aksturinn og skiptist sök því til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir